

Borgarbyggð
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 9. nóvember 2022
UST202210-152/A.B.
10.05.02

Efni: Umsögn - Grenndarkynning - Byggingaleyfi - frístundahús á Grjóteyri

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða framkvæmd á Grjóteyri 2.

Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu dags. 2. nóvember sl. kemur fram að um er að ræða auka frístundarhús (115,6 m²) á Grjóteyri þar sem þegar eru til staðar nokkur hús. Auk þess segir að umrædd framkvæmd er ekki nær strandlínunni en þau hús sem þegar eru til staðar á svæðinu. En Grjóteyri er hluti af þeim jörðum sem liggja að einhverjum hluta innan Ramsar svæðisins Andakíls.

Andakíll

Hvanneyri var fyrst friðlýst sem búsvæði árið 2002 en árið 2011 var búsvæðið stækkað og fékk nafnið Andakíll. Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands fjölbreytts votlendis og búsvæða fjölmargra fuglategunda. Einnig er með friðlýsingunni tryggt aðgengi almennings að landsvæðinu til náttúruskoðunar og fræðslu. Ennfremur er markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á búsvæði fugla og votlendi.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 8. gr. auglýsingar nr. 338/2011 um verndun búsvæðis fugla í Andakíl segir að allar framkvæmdir, svo sem nýbyggingar, þar með talið skýli fyrir skepnur og tilheyrandi aðkomuleiðir, eru háðar samþykktu skipulagi hverju sinni.

Leyfisveiting Umhverfisstofnunar

Hér er stofnunin að veita umsögn varðandi verkefnið. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 8. gr. auglýsingar nr. 338/2011 um verndun búsvæðis fugla í Andakíl þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Allar framkvæmdir sem heimilaðar verða skv. 11. gr. auglýsingarinnar skulu miða við að halda markmiðum friðlýsingarinnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnuninni hefur ekki borist leyfisumsókn vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur